

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2025, þriðjudaginn 21. október kl. 13:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1228. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.

Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Hafdís Anna Bragadóttir, Margrét Pálína Cassaro og Sigrún Reynisdóttir.

Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Ármúli 32 - USK25100123

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og breyta notkun í rými 0301 úr skrifstofu í sjúkráþjálfun í húsi á lóð nr. 32 við Ármúla.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

2. Baldursgata 17 - USK25080047

Sótt er um leyfi til að breyta skráningu úr ósamþykktri íbúð 0102 í samþykktu íbúð í húsi á lóð nr. 17 við Baldursgötu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

3. Bankastræti 5 – breytingaerindi - USK25100037

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK25050073 vegna lokaúttektar í húsi á lóð nr. 5 við Bankastræti.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 12. ágúst 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

4. Bjarmaland 13 - USK24050290

Sótt er um leyfi til að byggja vegg á lóðarmörkum, setja glugga og útidyrhurð í kjallaravegg nýjum stiga innanhúss auk lóðarbreytinga í húsi nr. 13 við Bjarmaland. Erindinu fylgir samþykki aðliggjandi lóðarhafa nr. 19

Frestað. Vísað til athugasemda.

5. Blikastaðavegur 2-8 - USK23030218

Sótt er um leyfi að breyta innra skipulagi þar sem millipallur er byggður yfir stækkaða stafmannaaðstöðu á svæði 2 í bili nr. 2 í atvinnuhúsi á lóð 2-8 við Blikastaðaveg.

Stækkun: 129,6 ferm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

6. Borgartún 30 - USK25090223

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og innréttingum í rýmum 0101, 0201 og 0301 í skrifstofuhúsi á lóð nr. 30 við Borgartún.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 1. september 2015.

Frestað. Vísað til athugasemda.

7. Borgartún 35 - USK25070279

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057676 vegna lokaúttektar í húsi á lóð nr. 35 við

Borgartún. Erindinu fylgir yfirlit breytinga og samþykki annarra eiganda í húsinu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

8. Bragagata 26A - USK25070383

Sótt um leyfi til að fjarlægja norðanverðan kvist og endurgera kvist á suðurhlið húss á lóð nr. 26A við Bragagötu.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

9. Breiðagerði 8 - USK25070145

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum steinsteyptum stoðveggjum á lóðarmörkum aðliggjandi lóða einbýlishúss á lóð nr. 8 við Breiðagerði.

Erindi fylgir skýrsla um húsaskoðun dags. 9. október 2025 og ódagsett samþykki lóðarhafa við Breiðagerði 6, Breiðagerði 10 og Bakkagerði 7.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

10. Breiðhöfði 3 - USK25080191

Sótt er um leyfi til að byggja tvö 7 hæða fjölbýlishús með 77 bílastæðum á bílakjallara með 139 stæðum á lóð nr. 3 við Breiðhöfða.

Stærð: 11.452,4 ferm., 37.404,1 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist frá Myrru dags. 11. ágúst 2025 og greinargerð um brunavarnir frá Öruggr dags. 22. ágúst 2025

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

11. Bríetartún 20 - USK25010215

Sótt er um leyfi til þess að koma fyrir 6-gáma djúpgámasetti sem þjóna á samtals 70 íbúðum í matshlutum 01-09, við lóðarmörk sunnan megin við Bríetartún 26, mhl.04 og Bríetartún 28, mhl.05 á lóð nr. 20-36 við Bríetartún.

Erindi fylgir greinargerð hönnuða dags. 6. mars 2025 og deiliskipulagsuppdráttur fyrir Skúlagarðsreit eystri auglýst í b-deild Stjórnartíðinda 25. ágúst 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

12. Dugguvogur 47 - USK25090224

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, byggðum á teikningum erindis BN032942 sem samþykkt var 2006 þannig að x í gisti- og verkstæðishúsi á lóð nr. 47 við Dugguvog.

Frestað. Vísað til athugasemda.

13. Efstaland 26 - USK25080265

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í einingu 0101, innrétta veitingastað í flokki II, tegund e og innrétta nuddstofu í rými 0105 í verslunar- gisti- og atvinnuhúsnæði á lóð nr. 26 við Efstaland.

Frestað. Vísað til athugasemda.

14. Framnesvegur 38 - USK25010072

Sótt er um leyfi til að rífa hluta einbýlishúss, lækka kjallara og byggja hæð ofaná og við og innrétta tvíbýlishús á lóð nr. 38 við Framnesveg.

Erindi fylgir hæðarblað dags. 1. september 2014, mæliblað, umsagnir Minjastofnunar Íslands dags. 7. mars og 4. júlí 2025 og bréf hönnuðar dags. 12. júní og 14. ágúst 2025.

Stækkun: 138,1 ferm.

Stærð eftir breytingu: 256,1 ferm., 769,6 rúmm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 /

2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr.

2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Til þess að samþykktin öðlist gildi þá þarf að gera eignaskiptayfirlýsingu og þinglýsa henni.

15. Grandagarður 2 - USK25090070

Send var inn fyrirspurn með uppdráttum þar sem kemur fram í deiliskipulagi að bera skuli hönnun undir skipulagið áður en sótt er um byggingarleyfi.

Frestað. Vísað til athugasemda.

16. Grenimelur 45A - USK25010276

Sótt er um leyfi til að innrétta aukaíbúð í eigu íbúðar 0101 í rými 0001, setja nýja inngangshurð á suðausturhlið og aðra á norðausturhlið, fjarlægja hringstiga milli kjallara og 1. hæðar, loka milli rýma 0001 og 0002 og breyta innra skipulagi í rými 0001 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 45A við Grenimel.

Erindi fylgir umsögn burðarþolsverkfræðings, yfirlit breytinga og samþykki meðeiganda.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr.

2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing er gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi.

Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á [eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is](mailto: eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is) fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

17. Grensásvegur 46 - USK25100211

Sótt er um leyfi til að innrétta móttökueldhús og matsal fyrir 100 gesti ásamt tilheyrandi snyrtingum og starfsmannaaðstöðu í rými 0101 í húsi á lóð nr. 46 við Grensásveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og greinargerð um brunavarnir frá Örugg dags. 10. október 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

18. Hafnarstræti 7 - USK25090133

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi í verslunarhúsi á lóð nr. 7 við

Hafnarstræti Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 16. maí 2006.

Frestað. Vísað til athugasemda.

19. Hjaltabakki 24 - USK25080174

Sótt er um heimild til að klæða með 2 mm sléttri álklaðningu vesturgafli fjölbýlishúss á lóð nr. 18-32 við Hjaltabakka.

Umsókn fylgir undirrituð húsfundargerð Hjaltabakki 18-32.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

20. Hlaðbær 17 – breytingaerindi - USK25100181

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24030335 í húsi á lóð nr. 17 við

Hlaðbæ. Frestað. Vísað til athugasemda.

21. Hlésgata 1 - USK25050140

Sótt er um leyfi til að byggja 3-5 hæða fjölbýlishús með 110 íbúðum sem skiptist í sjö húshluta ofanjarðar á sameiginlegum bílakjallara með 52 bílastæðum og atvinnurýmum á jarðhæð að Rastargötu, á lóð nr. 1 við Hlésgötu.

Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist frá Myrru dags. 6. maí 2025, brunahönnun frá Örugg dags. 23. september 2025, minnisblað frá Eflu um mengunarrannsóknir dags. 25. maí 2025, aðgerðaráætlun vegna mengaðs jarðvegs dags. 20. ágúst 2025 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. júlí 2025.

Stærð: 4.382,8 ferm., 13.758,9 rúmm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

22. Hofsvallagata 54 - USK25040221

Sótt er um leyfi til að koma fyrir djúpgámum við bílastæði Vesturbæjarlaugar við

Hofsvallagötu 54 Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

23. Hraunbær 2 - USK25080130

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðri ósamþykktu íbúð í rými 0001 í mhl. 01 í stigahúsi nr. 2 við

Hraunbæ. Erindinu fylgir samþykki eiganda í stigahúsinu dags. janúar 2025, auk hæðar- og mæliblaðs.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

24. Klapparstígur 40 - USK25050136

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og skipta verslun í 2 eignarhluta í húsi á lóð nr. 40 við Klapparstíg.

Erindi fylgir starfsábyrgðartrygging löggiltra hönnuða aðal- og séruppdráttar dags. 12. ágúst 2024 og samþykki meðeiganda dags. 10. júlí 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

25. Kleifarvegur 14 - USK25040219

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun og innrétta sem vinnustofu bílskúr, mhl.70, við einbýlishús á lóð nr. 14 við Kleifarveg.

Stækkun mhl.70: 0.0 ferm., 79.0 rúmm.

Erindi var grenndarkynnt frá 17. september 2025 til og með 15. október 2025. Engar athugasemdir bárust.

Erindi fylgir samþykki lóðarhafa við Kleifarveg 12 á teikningu KLE_AU_02 dags. 4. júlí 2025, umsögn verkfræðistofunnar Teknik dags. 10. júní 2025, greinargerð hönnuðar dags. 10. júní 2025, greinargerð hönnuðar dags. 11. apríl 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 25. október 1956.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 /

2010. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

26. Klettagarðar 27 - USK25060352

Sótt er um leyfi til að byggja starfsmannahús úr timbri á steiptum undirstöðum fyrir u.þ.b. 30 starfsmenn, sorp- og hjólaskýli, spennistöðvar og til að koma fyrir 81 hleðslustöð fyrir strætisvagna Strætó BS á lóð nr. 27 við Klettagarða.

Erindi fylgir mæliblað 1.324.101 dags. maí 2025 og hæðablað 1.324.101 dags. maí

2025. Frestað. Vísað til athugasemda.

27. Kornagarðar 2 - USK25080227

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og útliti atvinnuhúsnæðis með því að setja fjórar innkeyrsluhurðir á hús á lóð nr. 2 við Kornagarða.

Frestað. Vísað til athugasemda.

28. Kringlan 4-12 - USK25080266

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi að hluta og opna á milli eininga 240 og 244 í Kringlunni á lóð nr. 4-12 við Kringluna.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 /

2010. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

29. Krummahólar 53 - USK25030219

Sótt er um leyfi til þess að opna á milli íbúðar í mhl.03, og bílskúrs, mhl.08, breyta notkun og innrétta geymslu í núverandi bílskúr raðhúss nr. 53, á lóð nr. 49-59 við Krummahóla.

Frestað. Vísað til athugasemda.

30. Köllunarklettsvegur 1 - USK25080155

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059798 vegna lokaúttektar með því að lagfæra brunavarnir, breyta staðsetningu brunaviðvörðunarkerfis og bæta við snyrtingu og skrifstofu í í kjallara mhl. 01 á lóð nr. 1 við Köllunarklettsveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

31. Langagerði 3 - USK25050366

Sótt er um leyfi fyrir steiptum vegg á lóð nr. 3 við Langagerði.

Frestað. Vísað til athugasemda.

32. Laugavegur 146 - USK25090226

Sótt er um leyfi til þess að bæta aðgengi og flóttaleiðir með því að gera nýjan inngang að bílageymslu á jarðhæð íbúðarhúss Búseta á lóð nr. 146 við Laugaveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga aðaluppdrætti samþykktum 9. júlí

1992. Frestað. Vísað til athugasemda.

33. Laugavegur 18B - USK25070144

Sótt er um leyfi til að breyta notkun og innra skipulagi, fjarlægja stiga á milli 1. og 2. hæðar, breyta geymslu í minni geymslur og aðstöðu starfsfólks á 2. hæð, íbúð/fundarsal, rými 0201 er breytt í gistirými fyrir 6 gestir, flóttahurð bætt við frá suðurhlið 3. hæðar, íbúð á 0401 breytt fyrir 3 gesti, björgunaropum er bætt við á norðurhlið, flóttastigi fjarlægður á suðurhlið og nýr stálstigi sem nær að 3. hæð settur í hans stað, jafnframt eru brunavarnir, rýmisnúmer og skráning uppfærð fyrir verslunar-gisti og íbúðarhús á lóð nr. 18. við Laugaveg.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar 8. júlí 2025, greinargerð vegna breytinga dags. 15. október 2025 og yfirlit breytinga á samþykktum aðalupphráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

34. Ljárdalur - USK25050015

Sótt er um byggingarleyfi vegna vélageymslu, í framhaldi af máli nr. 994 sem tekið var fyrir á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 19. desember 2024. Erindið var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Sjávarhólum L125750, Kerhólum L125874 og Saltvík L125744, frá 9. september 2025 til og með 7. október 2025. Engar athugasemdir bárust.

Ekki voru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið en gert var ráð fyrir að umsóknin yrði grenndarkynnt þegar byggingarleyfisumsókn bærir.

Umsókninni fylgir greinargerð hönnunarstjóra um verkswið hönnuða og samantekt á

umsókn. Frestað. Vísað til athugasemda.

35. Melhagi 9 - USK24070116

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi 1. hæðar, grafa frá kjallara og útbúa dvalarsvæði á suðurhlið fjölbýlishúss á lóð nr. 9 við Melhaga.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, samþykki meðeigenda og teikningaskrá.

Frestað. Vísað til athugasemda.

36. Mjölnisholt 6 - USK25050444

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052156 þannig að komið er fyrir utanáliggjandi stigahúsi á bakhlið, eldri stigar fjarlægðir og gerðir inngangar frá svölum, bætt við íbúð í risi og byggður geymsluskúr á baklóð fjölbýlishúss á lóð nr. 6 við Mjölnisholt.

Stækkun: 52 ferm., 164,7 rúmm.

Stærð eftir breytingar:

Mhl. 01: 660 ferm., 1.544,2 rúmm.

Mhl. 02: 52 ferm., 175,1 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

37. Nauthólsvegur 50 - USK25060415

Sótt er um leyfi til að byggja nýtt lyftuhús, ný stigahús við norður- og vesturgafli, byggja svalir og verandir til vesturs og innrétta hjúkrunarheimili fyrir 87 íbúa í skrifstofuhúsi á lóð nr. 50 við Nauthólsveg.

Erindi fylgir brunahönnunarskýrsla frá Lotu dags. 1. júlí 2025, greinargerð um hljóðvist frá Myrru dags. 28. maí 2025, minnisblað frá Myrru dags. 25. ágúst 2025, loftgæðamælingar frá Verkvisi dags. 1. júlí 2025 og yfirlit breytinga.

Stækkun: 195,5 ferm., 675,6 rúmm.

Eftir breytingar, mhl. 01: 20.188,4 ferm., 69.922,2 rúmm.

Mhl. 03: 150,4 ferm., 452,7 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

38. Nönnugata 16 - USK25070070

Sótt er um leyfi til þess að fjölga eignum með því að skipta rými 0101 í rými 0101, íbúð og rými 0109, vinnustofu á 1. hæð í fjölbylishúsi á lóð nr. 16 við Nönnugötu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

39. Skógarás 16 - USK25080034

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og útliti, stækka svalir og breyta gluggum í húsi á lóð nr. 16 við Skógarás.

Umsókn fylgir samþykki nágranna á lóð nr. 14 við Skógarás, dags.

09.09.2025. Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing er gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi.

Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

40. Skólavörðustígur 20 - USK25090225

Sótt er um leyfi til þess að bæta aðgengi og flóttaleið með því að gera nýjan inngang að bílageymslu, rými ? í verslunar- og sambýlishúsi á lóð nr. 20 við Skólavörðustíg.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 15. september 2025 og yfirlit breytinga aðaluppdrætti synjuðum 22. september 1998.

Frestað. Vísað til athugasemda.

41. Skólavörðustígur 25 - USK24070312

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu til norðurs upp að og ofaná mhl. 03, byggja svalir, innréttar geymslur í kjallara og skrifstofur á hæð og sameina í einn matshluta hús á lóð nr. 25 við Skólavörðustíg.

Stækkun: 106,8 ferm., 277,7 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, greinargerð brunahönnuðar dags. 15. maí 2024, teikningar af skuggavarpi og umsögn Minjastofnunar dags. 25. september 2024.

Einnig fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. ágúst 2024 og minnisblað hönnuðar varðandi algilda hönnun dags. 22. september 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

42. Suðurlandsbraut 10 - USK25090027

Sótt er um leyfi til að breyta rými 0102 úr skrifstofu yfir í hárgreiðslustofu í húsi á lóð nr. 10 við Suðurlandsbraut.

Frestað. Vísað til athugasemda.

43. Sólvallagata 1 - USK25020064

Sótt er um leyfi til að byggja nýtt anddyri á vesturhlið, og stækka viðbyggingu á suðurhlið og koma fyrir svölum á þaki beggja viðbygginga við einbýlishús á lóð nr. 1 við Sólvallagötu.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. desember 2023 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 25. mars 2025.

Stækkun mhl. 01: 63,2 ferm., 169,8 rúmm.

Mhl. 01 eftir stækkun: 263 ferm., 741,8 rúmm.

Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Sólvallagötu 2, 3 og 4 og Ávallagötu 2 og 4, frá

7. júlí 2025 til og með 5. ágúst 2025. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 /

2010. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr.

2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

44. Sörlaskjól 68 - USK25060198

Sótt er um leyfi til að setja svalir framan við kvist á suðurpekju rishæðar, síkka glugga í kjallara og koma fyrir hurð út á verönd sem grafa á niður meðfram hluta suðurhliðar, jafnframt er innra skipulagi breytt og eignum fjölgað með því að gera íbúð í kjallara einbýlishúss á lóð nr. 68 við Sörlaskjól.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 11. júní 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 21 október 2003.

Frestað. Vísað til athugasemda.

45. Tryggvagata 15 - USK25060350

Sótt er um leyfi til að endurnýja og byggja ofaná Grófarhús, breyta innra skipulagi og innrétta fyrir Borgarbókasafnið hús á lóð nr. 15 við Tryggvagötu.

Erindi fylgir brunahönnun frá Öruggeri dags. 2. október 2025, greinargerð um hljóðvist frá Myrru dags.

23. júní 2026, forhönnunarskýrslur frá Eflu um burðarvirki dags. 24. júní 2025 og lagnir og loftræsingur dags. 20. júní 2025 ásamt orkuramma dags. 24. júní 2025.

Minnkun: 1.268 ferm., stækkun: 372,4 rúmm.

Eftir breytingar: 6.155,5 ferm., 23.735,5 rúmm.
Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

46. Tunguvegur 28 - USK25010162

Sótt er um leyfi til þess að stækka einbýlishús og lækka kjallara á lóð nr. 28 við Tunguveg.

Erindi fylgir mæliblað 1.833.1 dags. 26. júlí 2012, hæðarblað 1.1.2404 dags. 3.2006 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6 febrúar 2025.

Stæðir:

Ferm. 48,8 rúmm. 99,57

Frestað. Vísað til

athugasemda.

47. Urðarstígur 16 - USK24100345

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun íbúðarhúss í gististað í flokki II tegund g, fyrir allt að 10 gesti og bæta við flóttaleið með því að gera brú yfir kjallarainngang á vesturhlið húss á lóð nr. 16 við Urðarstíg.

Erindi afgreiðist samhliða erindi USK24040268 umsókn um áður gerðar breytingar.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 24. október 2024 og sem hluti af teikningasetti, yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 13. nóvember 1986.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

48. Urðarstígur 16 - USK24040268

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og útliti þannig að stigi á milli kjallara og 1. hæðar er fjarlægður, þvottahús og geymslur hafa verið fjarlægðar, viðbygging var aðeins byggð að hluta og gryfju meðfram norðurgafli hefur verið lokað af að hluta og nýtt sem inntaksrými fyrir íbúðarhús á lóð nr. 16 við Urðarstíg.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 24. október 2024, skýrsla um húsaskoðun dags. 6. ágúst 2024, greinargerð brunavarna dags. 23. apríl 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 13. nóvember 1986.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

49. Vatnsmýrarvegur 16 - USK24120225

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23060046 þannig að innra skipulagi er breytt á öllum hæðum, göngubrú er færð, bætt við lyftu við austasta fyrirlestrarsal, breyta þakhalla og útliti Læknagarðs á lóð nr. 16 við Vatnsmýrarveg.

Erindi fylgir brunahönnun frá Verkís dags. 1. apríl 2025, hljóðvistarhönnun frá Brekke Strand dags.

20. janúar 2025 og minnisblað með uppfærðum aðaluppdráttum dags. 31. október 2024 og yfirlit breytinga frá fyrri innlögn.

Breyttar stærðir: xx ferm., xx rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

50. Vesturbrún 22 - USK25050257

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu ofan á bílskúr og breyta innra skipulagi í einbýlishúsi á lóð nr. 22 við Vesturbrún.

Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Vesturbrún 20 og 24, frá 9. september 2025 til og með 7. október 2025. Engar athugasemdir bárust.

Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. apríl 2025 og erindi fylgir yfirlit

breytinga. Stækkun: 32,4 ferm.

Frestað. Vísað til áður gerðra athugasemda.

51. Vitastígur 14A - USK25070219

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum vegna gerðar eignaskiptasamnings fyrir íbúðarhús nr. 14A, mhl.02, á lóð nr. 14 við Vitastíg

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Til þess að samþykktin öðlist gildi er skilyrt að ný eignaskiptayfirlýsing sé gerð, þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi.

Fundi slitið kl. 14:10

Brynjar Þór Jónasson

Edda Þórsdóttir
Margrét Pálína Cassaro
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir

Hafdís Anna Bragadóttir
Sigrún Reynisdóttir